

um frv. til l. um breyt. á lögum nr. 3 1. febr. 1980, um tímabundið oliugjald til fiskiskipa.

Frá minni hl. sjávarútvegsnefndar.

Sjávarútvegsnefnd efri deildar hefur haft þetta frumvarp til athugunar í örskamman tíma vegna þess ofurkapps sem hæstv. ríkisstjórn hefur lagt á afgreiðslu þess.

Á sameiginlegan fund sjávarútvegsnefnda neðri deildar og efri deildar voru boðaðir oddamaður yfirnefndar Verðlagsráðs sjávarútvegsins, Jón Sigurðsson, forstjóri Þjóðhagsstofnunar, og Ingólfur Ingólfsson, fulltrúi sjómanna í Verðlagsráðinu. Í máli þeirra komu fram eftirfarandi meginatriði:

1. Að krafa sjómannasamtakanna var að fiskverð hækkaði um 6.67%, eins og uppþætur á laun frá 1. mars s. l. til almennra launþega í landinu.
2. Til þess að eiga ekki á hættu að afgreiðsla málsins drægist lengur en þegar var orðið tók fulltrúi sjómanna þá afstöðu að sitja hjá við atkvæðagreiðslu um tillögu oddamanns yfirnefndar um 4% hækkun fiskverðs.
3. Fulltrúi sjómanna tók jafnframt fram, að hann gerði ekki kröfu um lækkingu oliugjalds umfram það sem gert var samkomulag um í janúarmanuði milli allra aðila, sem um fiskverð fjalla, og stjórnvalda, sem Alþingi lögfesti samhljóða 23. janúar s. l. Þá kom einnig fram hjá fulltrúa sjómanna í Verðlagsráði, að sjávarútvegsráðherra hafði ekki haft samráð við sjómannasamtökin allan þann tíma sem fiskverðsákvörðun var til umfjöllunar.

Þetta frumvarp, ef að lögum verður, ógildir ákvæði gildandi laga frá og með 1. mars og lækkar þá oliugjald úr 5% samkvæmt þeim lögum í 2½% og skal þessi skipan gilda til ársloka, nema aðilar að kjarasamningum sjómanna og útvegsmanna komi sér saman um annað. Þannig er það svikið sem var samið um oliugjaldið í byrjun þessa árs, nema samningar tækjust um einhverjar breytingar. Athyglisvert er í því sambandi að verð gasolíu er 155.25 kr. á lítra og er það sama og var 1. desember s. l. þegar fyrrgreint samkomulag var gert.

Þá leggjum við áherslu á að ólíklegt er að slík ákvæði um afturvirkni frumvarpsins fái staðist.

Í bókun fulltrúa útgerðarmanna í Verðlagsráði segir svo orðrétt:

„Með þessari fiskverðsákvörðun er vandi fiskvinnslunnar fluttur yfir á útgerðina. Vegna launahækkana 1. mars og vegna áhrifa gengissigs á aðföng útgerðarinnar, sem nú er ráðgert 8%, á næstu dögum, breytist afkoma útgerðarinnar frá því að vera 1% hagnaður í 4% tap.“

Þegar fiskverð var ákveðið 24. janúar s. l. var samkomulag um, að oliugjald yrði 5% allt árið 1980, og það staðfest með lagasetningu frá Alþingi með samhljóða atkvæðum. Með þessari ákvörðun er því samkomulagi rift af oddamanni yfirnefndar að kröfu ríkisstjórnarinnar. Virðast nú ekki halda samningar við ríkisstjórn, þótt bundnir séu með lögum. Lækkun á oliugjaldi úr 5% í 2.5% lækkar tekjur útgerðarinnar um 3 þús. millj. á ári.“

Vandi fiskvinnslunnar er vissulega mikill og vanhugsaðar fullyrðingar m. a. forsætisráðherra um stöðu fiskvinnslunnar hafa tafið úrbætur í þessum efnunum. Með verðbólguaðgerðum ríkisstjórnarinnar stefnir hún til gengisfellingar, sem raunar er að nokkru hafin.

Í bókun annars fulltrúa fiskkaupenda í Verðlagsráði segir, að komið hafi fram hugmyndir um að lækka mætti mjög verulega stimpilgjöld af afurðalánum, fella niður sölugjald af fjárfestingarvörum, endurgreiða uppsafnaðan söluskatt af rekstrarvörum, lækka vexti af visitölutryggðum lánnum Fiskveiðasjóðs og reyndar að halda byggingarvisitölunni í skefjum með því að stuðla að aukinni framleiðni í byggingariðnaði. Þar segir enn fremur, að ekki hafi náðst samkomulag við ríkisstjórnina um að lækka þau gjöld sem hér eru upp talin og þá hafi verið ljóst að ekki yrði unnt að ná endum saman án þess að breyting yrði á gengisskráningu.

Við sjálfstæðismenn teljum nauðsynlegt að lækka kostnað við rekstur fiskvinnslu sem og annarra atvinnugreina og gera útflutningsatvinnuvegum okkar fært að standa samkeppni við keppnauta okkar á erlendum mörkuðum.

Við teljum því óeðlilegt að gera, eins og nú standa sakir, breytingar á guldandi oliugjaldi og leggjum til að frumvarpið verði fellt.

Alþingi, 10. apríl 1980.

Guðmundur Karlsson,
frsm.

Lárus Jónsson.